

af litlu tilefni, að þeir séu aldrei öruggir, og stundum jafnvel óhæfir til dráttar upp frá því. Um unga, lítt reynda hesta gildir þetta í enn ríkari mæli. Með tilliti til alls þessa verður eigi á það fallið, að óþægð sú, er hesturinn sýndi, eftir að hann kom í vörzlu stefnanda, sé sönnun þess, að stefndur hafi sagt rangt til um stillingu hestsins, og þann veg blekkst stefnanda. Þvert á móti virðist vel mega gera ráð fyrir, að allt hefði gengið vel með hestinn, ef hann hefði fengið aðbúð við sitt hæfi, miðað við uppeldi hestsins, aldur og tamningu.

Samkvæmt því, sem að framan er greint, verður að líta svo á, að krafa stefnanda um riftun kaupsins á hinum rauða hesti þann veg, að stefndur verði dæmdur til að taka við honum aftur og skila kaupverði hans, sé ekki á rökum reist, og ber því eigi að taka hana til greina. Af þessu leiðir svo aftur, að hinar aðrar kröfur stefnanda koma eigi til álita.

Hins vegar verður að taka til greina kröfu stefnds um algjörða sýknun. Jafnframt verður eigi komið hjá að taka einnig til greina kröfu stefnda um málskostnað. Ber því að dæma stefnanda til að greiða stefnda kostnað hans af málinu, sem með hliðsjón af framlögðum reikningi ákveðst kr. 250.00 — tvö hundruð og fimmtíu krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur í máli þessu, Sigurbjörn Guðmundsson, Syðri Þverá í Þverárhreppi, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Axels Schiöth, bakarameistara á Akureyri.

Stefnandi greiði stefndum 250.00 — tvö hundruð og fimmtíu krónur — í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. júní 1941.

Nr. 29/1941. **Kaupfélagið Björk** (Theódór B. Lindal)
gegn

Árna Jónssyni (Pétur Magnússon).

Bótakrafa vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Máli þessu er skotið til hæstaréttar með stefnu 18. marz þ. á., og hefur áfrýjandi aðallega krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að kröfur stefnda verði lækk-aðar eftir mati dómsins. Svo krefst hann og málskostnað-ar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæsta-réttar. Stefndi hefur krafizt staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi var í þjónustu áfrýjanda, þegar slys það varð, sem í máli þessu getur, og verður að telja, að stefndi hafi hafzt við á palli bifreiðarinnar vegna flutningsins og eftir ráðstöfun fyrirsvarsmanna áfrýjanda. Verður því að meta bótaskyldu áfrýjanda í máli þessu eftir ávæðum 2. mgr. 15. gr. laga nr. 70/1931. Verður einnig að telja, að unnt hefði verið að komast hjá slysinu, ef bifreiðarstjórinn hefði sýnt fulla gætni og ef nægilega tryggur umbúnaður á vöru-palli bifreiðarinnar hefði verið til varnar slysi. Samvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðs-dómsins þykir rétt að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 800 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kaupfélagið Björk, greiði stefnda, Árna Jónssyni, kr. 800.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5 marz 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., er samkæmt samkomulagi aðilja höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 30. septem-ber 1940 af Árna Jónssyni, verkamanni á Eskifirði, gegn Kaup-félaginu Björk, sama stað, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 6098.00, með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Enn fremur hefur Sjóvátryggingar-félagi Íslands h/f., sem siðargreind bifreið var tryggð hjá, verið stefnt til að gæta réttar síns í málinu.

Stefndur, Kaupfélagið Björk, krefst aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar á stefnukröfunum eftir mati réttarins og niðurfalls málskostnaðar. Þá hefur Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f krafizt málskostnaðar sér til handa, en ekki gert aðrar sjálfstæðar kröfur.

Atvik máls þessa eru þau, að þann 20. september 1939 vann stefnandi, ásamt fleiri mönnum, að flutningi á vörum frá afgreiðslu Skipaútgerðar ríkisins á Eðkifirði í verzlunarhús stefnds. Við flutninginn var notuð vörubifreiðin U. 15, eign stefnds, en váttryggð hjá Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f. Bifreiðarstjóri var Kristján Tómasson. Um kl. 2.45 síðdegis hafði bifreiðin verið hlaðin kornvörum á afgreiðslunni, og var henni síðan ekið af stað áleiðis til vöruhúss stefnds. Í umræddri ferð var stefnandi, ásamt tveimur öðrum verkamönnum, látinn setjast ofan á farm bifreiðarinnar, og sat stefnandi hægra megin. Auk þessara þriggja verkamanna, sem hafðir voru ofan á farminum, bæði til að gæta hans, svo og til þess, að þeir yrðu til taks til að afferma bifreiðina, þegar þar að kæmi, var hjá þeim á vörupallinum átta ára gamall drengur, að því er virðist, með fullu samþykki bifreiðarstjórans. Þegar komið var suður á móts við hús Ingólfs Hallgrímssonar kaupmanns, stóð þar á veginum bifreiðin R. 452, og var hún mannlaus. Vegur var svo mjór þarna, að U. 15 komst ekki fram hjá R. 452 eftir honum. Í vegbrúnina var hlaðið steinum, er stóðu nokkuð upp úr, og var vegbrúnin og sjálfur vegurinn nokkrum þumlungum hærri en landið utan vegarins.

Tók nú bifreiðarstjóri U. 15 þann kost að aka hægri hjólum bifreiðar sinnar út af vegbrúninni, til þess að komast fram hjá R. 452.

Ók hann síðan hægri hjólunum utan vegarins, meðan hann fór fram hjá R. 452, en er hann var kominn fram hjá henni, beygði hann bifreið sinni aftur upp á veginn. Þegar bifreiðinni var ekið út af, kom talsvert kast á hana, og jafnframt hliðarhalli út í hægri hlið. Við þetta kom hreyfing á ækið, er var mjölpokar, sem stóðu upp á endann, og virtist stefnanda, að fyrrgreindur drengur, er sat hægra megin á bifreiðinni fyrir framan stefnanda, ætla að missa jafnvægið. Kallaði hann þá til drengsins og sagði honum, að hann skyldi reyna að ná í og halda sér í gluggann á stýrishúsinu, en jafnframt rétti stefnandi út hendina í því skyni að ná drengnum, ef hann missti jafnvægið. Svo fór þó ekki, en í sömu svifum sá stefnandi, að tveir pokar voru að velta og ætlaði hann að gripa þá, til þess að varna því, að allt ækið færi af bifreiðinni, og e. t. v. mennirnir líka. Við þessa tilraun til að gæta ækisins missti stefnandi sjálfur jafnvægið og féll af bifreiðinni, ásamt fimm mjölpokum, er tveir lentu ofan á stefnanda. Verður ekki annað séð, en að þetta hafi orðið í sömu svifum og bifreiðinni var ekið upp á veg-

inn aftur, en þá hefur að sjálfsögðu komið á hana allmikill hnykkur. Við byltuna lærbrotnaði stefnandi og gat ekki hreyft sig. Var þegar sóttur læknir, er lét bera stefnanda heim til hans á sjúkrahöfum. Þjó læknirinn um brotið, en síðar var stefnandi, að boði læknisins, fluttur til Seyðisfjarðar á sjúkrahús. Var hann þar alllengi, og voru gerðar við hann ýmsar lækningatilaunir, en þrátt fyrir það hefur stefnandi ekki enn náð fullri heilsu eftir slysið.

Stefnandi telur sig eftir öllum atvikum slyssins eiga skaðabótarétt á hendur stefndum vegna þess, og hefur því, þar sem ekki náðist samkomulag um bæturnar, höfðað mál þetta og gert í því áðurgreindar kröfur.

Stefndur telur stefnanda hins vegar sjálfan eiga alla eða a. m. k. mestalla sök á slysinu og byggir framangreindar réttarkröfur sínar á því.

Þær athafnir stefnanda, sem lýst er hér að framan, í þann mund, er slysið varð, virðast hafa verið svo sjálfsagðar, eins og á stóð, að honum verður ekki gefin nein sök á slysinu. Hins vegar verður rétturinn að telja, að með því að aka út af veginum á fyrrgreindan hátt og valda þannig miklum veltingi á bifreiðinni, vitandi um mennina í hættulegri aðstöðu á farmi hennar, og án þess að gera þeim á nokkurn hátt aðvart, hafi bifreiðarstjórinn sýnt vitaverða óvarkárni. Verður rétturinn því að líta svo á, að stefndur beri óskipta ábyrgð á umræddu slysi, og beri að bæta stefnanda tjón hans að fullu.

Svo sem áður segir, var fyrst búið um meiðsli stefnanda, er var brot á vinstri lærlegg, skammt fyrir neðan lærhnútu, heima hjá honum. Síðan var hann sendur til lækninga á sjúkrahúsið á Seyðisfirði, en þar lá hann alllengi, eða, að því er virðist, fram undir mánaðarmót nóvember og desember 1939. Síðan virðist hann hafa verið hjá nuddlækni á Eskifirði um skeið. Í ágúst og september 1940 var hann í Reykjavík til skoðunar og örorkumats. Mat Jóhann Sæmundsson tryggingaryfirlæknir örorku hans og skoðaði hann nákvæmlega. Vottorð Jóhanns um skoðunina og örorkumatið er dagsett 8. desember 1940. Telur hann brotið gróíð í góðum stellingum, nokkra vöðvarýrnun á vinstra læri og kálfa og gigt í hægri nýjöðm, vegna óeðlilega mikillar áreynslu á þann fót eftir slysið. Örorku stefnanda metur hann:

Fyrstu 6 mánuðina 100% og næstu 6 mánuði 75%, næstu 6 mánuðina 40% og loks næstu 6 mánuði 20%, en úr því telur hann, að stefnandi muni verða orðinn fullfær til vinnu, og að um lengri örorku verði ekki að ræða.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Kostnaður við læknishjálp, sjúkrahúsvist o. fl. .. kr. 618.00
2. Ferðakostnaður til Reykjavíkur í ágúst og september 1940 til skoðunar og örorkumats — 250.00

3. Vinnutap miðað við 300.00 króna tekjur á mánuði og í samræmi við örorkumat tryggingaryfirlæknis:		
Fyrstu 6 mánuðina	—	1800.00
Næstu 6 mánuðina 75%	—	1350.00
Næstu 6 mánuðina 40%	—	720.00
Næstu 6 mánuðina 20%	—	360.00
4. Fyrir þjáningar og heilsutjón	—	1000.00
Samtals		kr. 6098.00

Um 1. og 2. Þessir liðir eru báðir viðurkenndir réttir í munnlegum flutningi málsins.

Um 3. Stefnandi var 53. ára gamall, duglegur og áreiðanlegur verkamaður, er hafði góða möguleika til atvinnu, er nokkur vinna var, auk þess sem hann hafði sjálfur smávegis búskap, er hann vann að í tómstundum sínum. Fyrir liggur vottorð útgerðarmanns á Eskifirði um, að stefnandi myndi hafa starfað við bát hans árið 1940, ef hann hefði ekki orðið fyrir slysinu, en hásetahlutur á bát þessum er talinn hafa numið kr. 5050.00 árið 1940. Með tilliti til þess, sem nú hefur verið sagt, svo og þess, hversu afkomumöguleikar verkamanna almennt hafa verið góðir á tímabili því, er hér skiptir máli, þykir kröfulið þessum svo í hóf stillt, að taka beri hann til greina óskertan.

Um 4. Við hinn munnlega málflutning hefur stefndur mótmælt því, að um slíkar bætur og hér greinir geti verið að ræða, eins og hér stendur á, en ekki þykja þau mótmæli hafa við slík rök að styðjast, að þeim verði sinnt. Þó segja meg, að heilsutjónið kunni að vera bætt með örorkubótunum, þá verður að telja hinar umkröfðu bætur undir þessum lið, með hliðsjón af hinu lága og lækkandi verðgildi peninga, hæfilegar, og ber því að taka þenna kröfulið að fullu til greina.

Verða lok málsns því þau, samkvæmt framansögðu, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 6098.00, með vöxtum, eins og krafist hefur verið, enda er það samkomulag milli stefnanda og Slysatryggingar ríkisins, er hefur greitt honum kr. 1518.00, að stefnandi krefjist fullra bóta og eigi síðan við Tryggingarstofnunina um þá greiðslu, og hefur stefndur ekkert haft við þetta að athuga.

Í málskostnað ber stefndum að greiða stefnanda kr. 550.00, en málskostnaður á að falla niður að því er sneritir Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, enda var því einungis stefnt til réttargæzlu, svo sem skylt var að lögum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Kaupfélagið Björk, greiði stefnandanum, Árna Jónssyni, kr. 6098.00, með 5% ársvöxtum frá 30. september 1940 til greiðsludags, og kr. 550.00 í málskostnað.

Gagnvart Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f falli málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. júní 1941.

Nr. 40/1941. **Óskar Gíslason** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Marinusi Buch (Ólafur Þorgrímsson).

Húsaleiga. Ágreiningur um gildi uppsagnar.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. maí 1941, krefst þess, eins og í héraði, að uppsögn húsnæðis þess, er í málinu getur, verði metin gild, miðað við 14. maí 1941, en til vara við 14. ágúst s. á. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi fékk afsal fyrir húsinu nr. 5 við Skólavörðustíg í Reykjavík þann 27. nóvember 1940, en í húsi þessu hafði stefndi á leigu húsnæði fyrir hjólhestaverkstæði samkvæmt leigumála, er gilda átti frá 1. október 1938 til 1. október 1943. Áfrýjandi mátti gera ráð fyrir því, að leigumáli stefnda, sem áfrýjanda hafði ekki verið kynntur, væri gildur allt að einu ári, og varð stefnda þess vegna ekki sagt upp húsnæðinu til brottflutnings fyrr en frá 1. október 1941. Hins vegar þykir stefndi ekki eiga rétt til afnota húsnæðisins um lengri tíma, þar sem leigumála stefnda og fyrri húseiganda hafði ekki verið þinglýst og vitneskja áfrýjanda um hann hefur ekki verið leidd í ljós, enda hefur